

Ár 2025, fimmtudaginn 13. mars, kl. 12:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannesi Albert Sævarssyni og Steinari Þór Guðgeirssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 1/2025

**Knattspyrnudeild Þórs Akureyri**

gegn

**Aga- og úrskurðarnefnd**

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

### **dómur.**

#### **I**

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 4. mars 2025, þar sem Ibrahim Balde, leikmanni mfl. karla var gert að sæta þriggja leikja leikbanni vegna brottvísunar í leik Þórs og ÍR í Lengjubíkar karla þann 1. mars sl.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 6. mars sl. þar sem knattspyrnudeild Þórs gerir eftirfarandi kröfur:

Aðallega að leikbann Ibrahim Balde verði stýtt niður í einn leik.

Til vara að aga- og úrskurðarnefnd rökstyðji hvaða ástæður liggi að baki lengd leikbanns.

#### **II**

Með reglubundnum úrskurði aga- og úrskurðarnefndar þann 4. mars 2025 var Ibrahim Balde leikmanni Þórs gert að sæta 1 leiks banni vegna brottvísunar í leik Þórs og ÍR í Lengjubíkar karla þann 4. mars 2025. Í skýrslu dómara til aga- og úrskurðarnefndar er ástæða brottvísunar Ibrahim Balde tilgreind sem; Ofsaleg framkoma. Nánari skýring á brottvísun er eftirfarandi:

„Leikmaður skallar andstæðing í andlitið.“

Almennt verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í þeim undantekningartilvikum sem greinir í a til e liða gr. 17.2. í reglugerð KSÍ um aga- og

úrskurðarmál. Samkvæmt a-lið gr. 17.2. er heimilt að skjóta úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um þriggja leikja bann eða þyngri refsingu til áfrýjunardómstóls.

### III

Í greinargerð áfrýjanda fyrir áfrýjunardómstóli er gerð krafa um að leikbann Ibrahima Balde verði stýtt niður í einn leik og til vara gerð sú krafa að aga- og úrskurðarnefnd rökstyðji hvaða ástæður liggja að baki lengd leikbanns. Áfrýjandi gerir ekki athugasemd við skýrslu dómara í greinargerð sinni heldur aðeins að lengd leikbannsins. Áfrýjandi vísar til þess að leikmaður hafi ekki mótmælt dómnum eða sýnt af sér neina ósæmilega framkomu við aðra leikmenn eða dómara leiksins í kjölfar þess að hafa fengið rautt spjald. Jafnframt er vísað til þess að leikbannið sé langt í ljósi þess hversu fáir leikir séu spilaðir í Lengjubikarnum.

Að lokum gerir áfrýjandi athugasemdir við það að aga- og úrskurðarnefnd hafi ekki skoðað atvikið nánar, óskað eftir frekari skýringum frá dómurum leiksins eða óskað eftir myndbandsupptöku áður en leikmaður var úrskurðaður í leikbann.

### IV

Málsástæður áfrýjanda snúast fyrst og fremst að lengd leikbannsins sem um ræðir en atvikum er að öðru leyti ekki mótmælt.

Samkvæmt gr. 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar aga- og úrskurðarnefnd um þau atriði sem koma fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir því að aðilar hafi heimild til þess að gera skriflega athugasemd við brottvísun/athugasemd sem á í hlut hverju sinni og eftir atvikum leggja fram önnur gögn, sbr. gr. 6.4. Þá kemur fram í gr. 6.5 framangreindrar reglugerðar að skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns skuli lögð til grundvallar niðurstöðu í agamálum en ef vafi leiki á atvikum sé m.a. heimilt að styðjast við myndbandsupptökur við ákvörðun viðurlaga. Af framangreindu leiðir að meginreglan sé sú að styðjast við skýrslu dómara. Af gögnum málsins verður ráðið að knattspyrnudeild Þórs hafi verið gefinn kostur á að skila inn athugasemdum en ekki nýtt sér þann rétt er hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp.

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirliggjandi gögn málsins, þ.m.t. myndband af atvikinu sem barst frá áfrýjanda. Óumdeilt er að Ibrahima Balde fékk brottvísun fyrir að skalla andstæðing í andlitið þegar boltinn var fjarri. Dómurinn telur ljóst að framangreind háttsemi feli í sér ofsalega framkomu sem réttlæti þyngingu leikbanns samkvæmt gr. 13.1.4 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Þá er brotið þess eðlis að dómurinn telur ekki ástæðu til að stytta leikbann Ibrahima Balde.

Með vísan til framangreinds er hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar um þriggja leikja bann frá 4. mars. sl. staðfestur.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er staðfestur.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]